

Nd.

660. L Ö G

um löggilta vigtarmenn.

(Afgreidd frá Nd. 30. ágúst).

1. gr.

Í kaupstöðum og kaптúnunum landsins skulu vera löggiltir eiðsvarnir vigtarmenn, svo margir, sem þörf er á. Lögreglustjórar tilnefna þá, hver í sinu umdæmi, en Stjórnarráðið gefur þeim erindisbrjef. Landssjóður leggur þeim til stimpla og greiðist kostnaðurinn úr landssjóði.

2. gr.

Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið var.

3. gr.

Þóknun fyrir starfið greiða þeir, sem þá nota, eftir ákvæði lögreglustjóra, þó ekki minna en 75 auru um klukkustund.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.